

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Fundargerð

Verknr. 1156

10. fundur svæðisskipulagsnefndar, fjarfundur
fimmtudaginn 18. janúar 2018, kl. 15:00-16:15

Fundarefni: Eftirfarandi gögn sem fundarmenn fengu send með fundarboði:

- Umsögn Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga.
- Umsögn Umhverfisstofnunar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga.
- Vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna Vestfjarðarvegar.

Fundarfólk: Fundurinn var fjarfundur og fulltrúar í hverju sveitarfélagi sátu á skrifstofu síns sveitarfélags og tengdust inn á sameiginlegan skjáfund þar. Mætt voru: Ingibjörg Benediktsdóttir í forföllum Ingibjargar Emilsdóttur formanns og Haraldur V. A. Jónsson frá Strandabyggð; Karl Kristjánsson, Ágúst Már Gröndal og Áslaug Berta Guttormsdóttir frá Reykhólahreppi; og Halla Steinólfsdóttir og Hörður Hjartarson frá Dalabyggð. Einnig sátu sveitarstjórar fundinn; Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps og Andrea Kristín Jónsdóttir sveitarstjóri Strandabyggðar.

Fundarstjóri og fundarritari: Matthildur Kr. Elmarsdóttir, frá Alta

Dagskrá:

1. Umfjöllun og afgreiðsla ábendingar Skipulagsstofnunar.
2. Umfjöllun og afgreiðsla ábendinga Umhverfisstofnunar.
3. Afgreiðsla svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu til auglýsingar skv. 24. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlna.
4. Umfjöllun og afgreiðsla vinnslutillögu um aðalskipulagsbreytingu í Reykhólahreppi.

1. Umsögn Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga

Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 9.1.2018, um svæðisskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Í umsögninni kemur fram að Skipulagsstofnun telji tillöguna að mörgu leyti til fyrirmyndar hvað varðar framsetningu upplýsinga á kortum, stefnu um ferðaleiðir og þjónustustöðvar og umhverfismat tillögunnar. Stofnunin telur þó að huga þurfi betur að nokkrum atriðum sem eru listuð hér ásamt svörum svæðisskipulagsnefndar við þeim.

- Skipulagsstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir áhrifum af stefnu um stofnkerfi og aðra framkvæmdaþætti sem líklegir eru til að valda verulegum umhverfisáhrifum. Stofnunin tilgreinir eftirfarandi dæmi um slík stefnumið: Hringtengingu raforku á Vestfjörðum með tengivirki á Nauteyri, úrbætur á vegum, þ.m.t.t Vestfjarðarvegi nr. 60 um Reykhólahrepp og uppbyggingu í tengslum við ferðamennsku. Bent er á að hvað varði Vestfjarðarveg þá liggja fyrir matsskýrsla Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar sem eðlilegt sé að taka mið af í umfjöllun um umhverfisáhrif.

Svar svæðisskipulagsnefndar: Umhverfisskýrslan verður yfirfarin og lagfærð m.t.t. þessarar ábendingar.

- Skipulagsstofnun telur að huga ætti að því að setja viðmið, verklagsreglur eð málsmeðferðarreglur um hvenær á við að leita samþykkis eða umsagnar svæðisskipulagsnefndar um breytingar á aðalskipulagi, t.d. vegna mannvirkjagerðar sem er líklegt til að hafa áhrif á þau efnisatriði sem mörkuð er stefna um í svæðisskipulaginu.
Svar svæðisskipulagsnefndar: Í kafla 10 um framfylgd svæðisskipulags verður tekið fram að leita skuli umsagnar svæðisskipulagsnefndar um allar verulegar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna (sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga).
- Skipulagsstofnun bendir á að setja fram stefnu um að landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, sbr. Landsskipulagsstefnu 2015-2026.
Svar svæðisskipulagsnefndar: Eftirfarandi texta úr Landsskipulagsstefnu „Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti“, verður bætt inn á undan þessu markmiði í kafla 6.3: „Við aðalskipulagsgerð verði land greint m.t.t. hentugleika til ræktunar með það að markmiði að vernda slíkt land með afmörkun og ákvæðum í aðalskipulagi.“
- Skipulagsstofnun bendir á að átt getur við að gera tillögu að skrá yfir vegi aðra en þjóðvegi, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil eða óheimil, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd.
Svar svæðisskipulagsnefndar: Allir vegir í sveitarfélögunum þremur eru sýndir á skýringarupprætti í kafla 9.4 í svæðisskipulagstillögunni og í kafla 5.8 í umhverfisskýrslu. Við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélaganna verður vegaskráin yfirfarin í samráði við landeigendur og Vegagerðina m.t.t. hvort setja eigi hömlur á umferð vélknúinna ökutækja um einstaka vegi. Líklegt þykir að ef settar verða slíkar hömlur þá sé það styttri vegum/vegalengdum innan hvers sveitarfélags. Því þykir eðlilegast að sú greining sé við aðalskipulagsgerð fremur en svæðisskipulagsgerð, innan þess almenna ramma sem svæðisskipulagið setur. Til að skýra þetta verður sett inn tilvísun í 32. Gr. laga um náttúruvernd í samhengi við stefnu um frið í beitarlöndum í kafla 6.3.

2. Umsögn Umhverfisstofnunar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga.

Lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 8.12.2017, um svæðisskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu sem var kynnt á vef og send til umsagnaraðila í lok september 2017. Umsögnin lá ekki fyrir þegar svæðisskipulagsnefnd afgreiddi svæðisskipulagstillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar í byrjun nóvember 2017 og er hún því tekin fyrir nú. Umhverfisstofnun bendir á nokkur atriði og eru svör svæðisskipulagsnefndar eftirfarandi:

- Umhverfisstofnun bendir á að á skýringarmynd yfir landnotkun og auðlindanýtingu í kafla 9.2 ætti einungis að sýna efnistökusvæði sem til stendur að nýta á skipulagstímabilinu.

Svar svæðisskipulagsnefndar: Myndin sem vísað er til er birt til að sýna gildandi aðalskipulag sveitarfélaganna m.t.t. landnotkunar. Þar eru því sýnd sömu efnistökusvæði og eru í gildandi aðalskipulagi. Kortið er til skýringar en sýnir ekki stefnu svæðisskipulags.

- Umhverfisstofnun minnir á stefnu um efnisnám í ritinu „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020“ sem ástæða væri að hafa til viðmiðunar. Stofnunin telur mikilvægt að sett sé fram stefna um að loka og ganga frá efnisnánum sem ekki eru í notkun.

Svar svæðisskipulagsnefndar: Svæðisskipulagstillagan tekur til þriggja áherslusviða (landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu) og er einungis sett fram stefna um þá landnotkun sem varðar sókn á þeim sviðum. Öðrum þáttum er vísað til aðalskipulags og á það við um stefnu um efnistöku.

- Í samhengi við stefnu svæðisskipulagstillögunnar um úrbætur á Vestfjarðavegi um Reykhólahrepp, bendir Umhverfisstofnun á að fyrir liggi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps þar sem fjallað er um tvo veglínukosti og fari annar þeirra um Teigsskóg. Stofnunin bendir á að veglína í gegnum Teigsskóg raski birkiskóglendi sem er óraskað og hefur að geyma mikilvægt lífríki plantna og fugla auk birkisins.

Svar svæðisskipulagsnefndar: Svæðisskipulagstillagan markar almenna stefnu í vegamálum en tekur ekki til legu einstakra vega. Engu að síður verður gerð grein fyrir stöðu skipulags og umhverfismati varðandi Vestfjarðarveg í umhverfisskýrslu, sbr. einnig ábendingu frá Skipulagsstofnun og svör við henni að framan.

3. Afgreiðsla svæðisskipulagstillögu til auglýsingar

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að svæðisskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu, verði auglýst í samræmi við 24. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana, að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er að framan.

4. Kynning tillögu að aðalskipulagsbreytingu, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga

Lagt fram bréf skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar, Reykhóla-, Kaldrananes- og Árneshrepps, sbr. tölvupóst dags. 11.1.2017, þar sem vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 er kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Framlögð gögn eru: Tillöguuppráttur dags. 29.11.2017 og greinargerð dags. sama mánaðar. Í greinargerðinni segir: „Breytingin fjallar um leiðréttu veglínu á Vestfjarðarvegi milli Bjarkalundar og Skálaness miðað við endurupptekið umhverfismat en veglína hefur breyst á nokkrum stöðum frá gildandi aðalskipulagi.“ Í gögnunum kemur jafnframt fram að markmið breytingarinnar sé að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa. Í vinnslutillögunni eru fjallað um tvo valkosti um legu vegarins og gerð grein fyrir

áhrifum þeirra á umhverfi og samfélag, sbr. matsskýrslu Vegagerðarinnar dags. 16.2.2017. Önnur leiðin (leið D2) fylgir núverandi vegi frá Bjarkalundi að Þorskaafirði og þverar Þorskafjörð rétt utan við Mjólkár línu. Hún liggur í jarðgöngum undir Hjallaháls og liggur svo um árósa í botni Djúpafjarðar. Þaðan fylgir hún nýju vegarstæði yfir Ódrjúgsháls, þverar svo Gufufjörð skammt utan Hofstaða og endar við Skálaneshraun á Skálanesi. Hin leiðin (leið Þ-H) fylgir núverandi vegi frá Bjarkalundi að Þorskaafirði og þverar Þorskafjörð rétt utan við Mjólkár línu. Hún liggur svo út með Þorskaafirði að vestanverðu. Við Hallsteinsnes þverar hún Djúpafjörð við mynni hans, liggur síðan um Grónes og þverar svo Gufufjörð við mynni hans. Hún liggur um Melanes og endar við Skálaneshraun á Skálanesi. Niðurstaða matsins er að leið D2 hafi minni neikvæð áhrif á umhverfið en sé mun dýrari í framkvæmd en leið ÞH. Í vinnslutillögunni segir að ekki liggi fyrir hvor leiðin verði sett fram í tillögu til auglýsingar.

Umsögn svæðisskipulagsnefndar: Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að báðir valkostir geti rúmast innan þess ramma sem svæðisskipulagstillagan setur og gerir því ekki athugasemdir við vinnslutillöguna.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.15.